



Regin-yóga til að nýsa niður



- * get ég hugsað mig í hið sanna yóga, ég gefinn sjálfum mér?
(svar: nei, því hugsun er á sviði hugsana, við nýsum niður í
tæra vitund, uppruna hugsunar)
- * nema skilningarvitin ginnungagap, vitund?
ef nei, hvað nema þau?
- * hvaða ráð er til að hugsanir dvíni?
virka allar aðferðir sem eru í boði?
- * hafa kennarar útskýrt hvað er að nýsa niður, „nýsta ek niður“?
- * æpandi nam?

ég gel galdur, ég æpandi, er hvað?

er þetta að æpa og gala einsog við nú skiljum þessar sagnir,

eða merkja þær allt annað þegar talað er um menn sem lifa tæra vitund?

athugum Rúdra og Marút í sambandi við viss hljóð:
til hvers eru þau hljóð? vekja hvað? lifga hvað? á yfirborðinu eða úr vitund?
skiptir vitundarstig þess sem gelur máli? hefur altær maður mestu áhrif?
Rúdra og Marút tákna að vekja og lifga gárur á samsviðinu með hljóði,
því er eingöngu náð úr tærri vitund, ekki á yfirborði hugsana

stundum eru Rúdra og Marút sem Indra og Agni
en slík hljóð hummuð eru engan veginn sama og að ákalla Guð í nú-notkun
sbr: de profundis te clamavi, Pater, (sem þýðist
úr botni mannlífs ákalla ég þig, Faðir uppi á himnum)

ath: bænir eru á sviði hugsana og tilfinninga
--af öllum huga mínum og af öllu hjarta mínu--
hugsanir og tilfinningar eru veraldleg fyrirbæri,

öll fyrirbæri í heimi eiga sér andstæðu, allt í heimi er hverfult, er tvískinnungur
(heitt kalt, gott vont, rétt rangt), og tvíeðli vekur æ ótta, er ástæða hræðslu)


vert er að athuga hvernig togstreita getur myndast milli hugsana og tilfinninga:
hugsun um skyldunnar rétta gjörð (annars vegar)
og (hins vegar) tilfinningar, væntumþykja, og það að geta ekki neinu mein gert,
geta í sjálfu sér verið togstreituandstæður í heimi
og geta því valdið innri átökum

við segjum: stundum þarf meira að gera en gott þykir - augljós vandræði eina ráðið við öllum tvískinnungi og togstreitu er að nýsa niður í eind, vitund, ginnungagap, þar sem engar andstæður eru, aðeins fullkomið samræmi

athugið einnig að maður ákallar þann sem er fjarri
ég ákalla ekki mig því ég er hér
í firringarmyrkri (de profundis) sér maður ekki, að hið guðlega er innan okkar
hið æðsta er hér, innan mín, og ég er það

ítrekað: hvernig skiptir vitundarstig þess sem gelur máli? hvaðan vinnur sá? er hugsun á grunnu sviði veikluleg, á djúpu sviði kraftmikil?

- * hvaðan virka Maharishi-áhrifin? (gúgglið The Maharishi Effect)
- * virka þau iðkuð úr vitund, vegna þess að við erum ein vitund?
- * fæ ég reynzlu af æ fingerðari sviðum hugans á leiðinni inn
í hangi á vingameiði, á leiðinni í að nýsa niður?
- * getur hugurinn unnið með heilanum?
- * getur hugurinn einnig sóazt (sóað sér) í vitund?
ef já, hvernig getur hugur hætt að hugsa hugsanir?
- * er hægt að banna huganum að hugsa?
banna fuglum að fljúga, fiskum að synda?
- * mælist á heilalínuriti þegar maður nýsir niður / transcenderar?
- * hvaðan nem ég upp fimbulrúnirnar mínar og stinna stafi?
- * vitum við hvert markmiðið er, hver tilgangurinn er, með mannsævi?
- * getur valdið misskilningi
að við tölum út frá mismunandi vitundarstigum?
- * skiljum við orðið vitundarstig?
eru vaka, draumsvefn, djúpsvefn alvöru-vitundarstig?
eða e.k. plat? okkar tilbúningur?
- * erum við einsog Gerður í Gymisgördum, skiljum ekki hið guðlega?
- * en hvers vegna veit hún, jötnamærin okkar, þá af
lognfara lundinum Barra
þar sem við finnum okkar guðlega innsta eðli?
Vitum við öll hér innst inni?



Litli aumi hringurinn okkar í vöku og svefni, auk drauma.

Einnig bókin: Að leggja Bifröst lag fyrir lag - Óðsmála-bók á Amazon
ISBN 978 9935 467 49 2

aumi hringurinn okkar

samanborinn við það að nýsa niður í uppruna hugsunar
sem er Ægir, Gláðheimar, Ásgarður, Hnitbjörg, tívatún,
ginnungagap, vitund

vaka og svefn

